

146. fundur skráningarráðs, 13. febrúar 09:00-11:00 á Teams

Mætt voru: María Bjarkadóttir, Sigríður Vilhjálmadóttir, Sigurgeir Finnsson, Þorsteinn Doddi Jónsson.

Einnig sat fundinn: Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri Gegnis

Ritari: Sigríður Vilhjálmadóttir

1. Fundargerð síðast fundar (yfirfarin og atriði rædd)

Fundargerð síðasta fundar lesin og yfirfarin.

Varðandi eftirfarandi dagskrárliði frá 145. fundi:

3. Erindi frá Hallfríði (varðandi óheppilega birtingu á 7xx sviðinu ...)

KL búin að keyra út færslurnar, sem SF er að yfirfara.

5. Safnfærslur (listi frá Kristínu)

Frágengið

6. Efnisorð – leiðbeiningar frá Kristínu sem við hin lesum yfir (taka stöðuna)

SF ætlar að kanna hvernig staðan er.

Fundargerð samþykkt.

2. Efnisorð – fjöldi (m.a. erindi frá Kolbrúnu Andrésdóttur)

Skráningarráð (KL) hefur skráð niður viðmið um val og fjölda efnisorða í bókfræðifærslu til að hafa í Haskinu. Doddi sendir tillöguna til efnisorðaráðs til yfirferðar og svarar Kolbrúnu.

3. Ritraðir vs. aðaltitill (sjá meðfylgjandi skjal frá Dodda)

Varðandi skráningu á bókum sem eru í ritröð þá er nauðsynlegt að ákveða hvaða leið er best og skiljanlegust fyrir notandann á leitir.is.

Miklar vangaveltur en ekkert ákveðið.

4. Fræðslufundur skrásetjara í maí – tímasetning og dagskrá

Tillaga kom um að hafa fræðslufundinn 22. maí. SF ætlar að kanna hjá Upplýsingu hvort þar á bæ er áhugi á að hafa aðalfundinn á sama degi og fræðslufundurinn eins og var í fyrra.

5. Fundur skráningarráðs á Akureyri?

Stefnt á haustið vegna anna hjá meðlimum skráningarráðs.

6. Birting bóka í mörgum útgáfum (erindi Siggu frá síðasta fundi)

Þetta erindi á heima inn á borði hjá Landskerfi bókasafna þar sem hér er um kerfisvillu að ræða og snýr að Ölmú. SH ætlar að skoða málið. SV sendir henni skjáskot með dæmum.

7. Record Manager (staða/notkun - OCLC þarf svar í lok mánaðar)

SF ætlar að tala betur við Hallfríði varðandi Record Manager, kostnað og endanlega ákvarðanatöku.

Líklega verður ekki gerður samningur um færsluveiðar frá OCLC, sökum kostnaðar.

8. Önnur mál

Sbr. fundargerð síðasta fundar nr. 145,

Erindisbréf á [síðu Skráningarráðs](#) er efnislega í lagi, en uppfæra þarf orðalag líttillega.

Samþykkt um skráningarheimildir er hins vegar komin til ára sinna (frá 2004) og

nauðsynlegt að uppfæra hana. Sigrún er búin að skrifa drög að nýrri samþykkt, sendir Skráningarráði til yfirlstrar og samþykktar.

SH ætlar að fá KL í lið með sér með endanlega texta og klára það fyrir haustið.

SF hefur rekist á færslur þar sem höfundur er í sviði 100 og endurtekinn í sviði 700 með \$\$t, ákveðið að henda út 700 sviðinu út ef við rekumst á svona færslur.

Næstu fundartímar verða, 6. mars og 3. apríl

Fundi lokið 10:37